



Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, ráðskona Geðhjálpar á Túngötu 7, býður upp á hafragraut á morgnana og hefðbundinn mömmumat í hádegina. Þess á milli spjallar hún við fólk íð sem sækir félagsmiðstöðina í húsinu.

Kalla hana hjarta hússins

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir hefur starfað sem ráðskona Geðhjálpar á Túngötu 7 í hartnær fjórtán ár. Henni leiðist aldrei í vinnunni og hún hefur eignast góða vini.

Hádegismatur er í fullum undirbúningi í húsnæði Geðhjálpar á Túngötu 7. Ráðskonan Ingibjörg hrærir Royal búðing í stórrí skál en brosir við blaðamanni þegar hann rekur inn nefið og býður honum sæti í betri stofunni. Heimilislegt andrúmsloft svífur yfir vötnum í þessu reisulega einbýlishúsi þar sem langflestar innréttingar eru uppruna-

legar. „Við erum búnin að vera hér frá árinu 1999 og líður afar vel, bæði starfsfólkinu og þeim sem hingað sækja daglega,“ segir Ingibjörg og strýkur yfir snjáða arma leðursófans. „Auðvitað er erfitt að halda húsnæðinu við og núna vantar okkur til dæmis fjármagn til að gera við þakið og gluggana. En þetta hús hefur sál, því er ekki að neita,“ segir hún hlýlega.

Ingibjörg hefur verið ráðskona Geðhjálpar í bráðum fjórtán ár. „Þetta er alveg yndislegt starf, ég hlakka alltaf til að fara í vinnuna. Dagarnir eru vissulega miserfiðir,“ segir hún en bætir við að henni hafi lærst að taka vandamálin ekki heim með sér.

En hvernig er hefðbundinn

dagur í lífi ráðskonunnar á Túngötunni? „Ég byrja daginn á því að elda hafragraut,“ upplýsir Ingibjörg. „Það er misjafnt hve margir mæta í hann en þeir geta farið upp í fimm og sex. Svo fer ég að undirbúa hádegismatinn,“ segir hún en venjulegur heimilismatur er iðulega á borðum. „Fólk vill fá svona mömmumat,“ segir hún hlægjandi. „Annars er sama hvað ég ber á borð, hvort það er soðinn fiskur, grjónagrautur eða svínakjöt. Deim finnst þetta allt gott.“

Um fimmtán til tuttugu manns mæta í hádegismat í Geðhjálpar degi hverjum. „Um mánaðamótin er þó alltaf minna um að vera, þá gerir fólk sér oft dagamun og fær sér hamborgara eða eitthvað

slíkt,“ segir Ingibjörg og brosir. Eftir hádegismatinn tekur við frágangur og þegar á þarf að halda fer Ingibjörg og verslar inn. Starf hennar felst þó ekki síður í því að setjast niður og spjalla við gestina og segist Ingibjörg stundum vera í hálfgerðu hlutverki stuðningsaðila. „Þau tala alltaf um mig sem hjarta hússins, kannski af því að það liggur aldrei illa á mér og ég tek öllum eins,“ segir Ingibjörg og hlær. Þá reynir hún einnig eins og hún getur að aðstoða gesti ef á þarf að halda. „Ég hjálpa þeim jafnvel að þvo þvottinn sinn ef út í það fer,“ segir hún glettin.

Langur starfsaldur Ingibjargar er mörgum gestum Geðhjálpar mikil huggun. „Fólk sem kemur

hingað aftur eftir nokkurt hlé er alltaf glatt að sjá að ég er hér enn. Því finnst voða gott að mæta andliti sem það þekkir og fyllist öryggi,“ segir Ingibjörg og bendir á að afar fjölbreyttur hópur sækir þjónustu Geðhjálpar á Túngötunni. „Margir eru þó einstæðingar og sumir eiga jafnvel hvergi heima,“ lýsir hún. Á Túngötuna getur fólk komið, lesið blöðin og hitt fólk sem Ingibjörg telur afar mikilvægt þar sem margir eru félagslega einangraðir.

Og verður hún vör við bata hjá skjólstaðingum Geðhjálpar? „Já, stundum. Það er frábært að sjá þegar fólk fer að taka meiri þátt í lífinu og fer jafnvel út á vinnu- markaðinn á ný.“